



Fjarfundur í AST ásamt bæjarstjórum á Suðurnesjum

Fundur 05. október 2020 kl. 13:00

Mætt: Grímur Hergeirsson (LSS), Margrét Kristín Pálsdóttir (LSS), Bjarney S. Annelsdóttir (LSS), Gunnar Schram (LSS), Jón Guðlaugsson (BS), Andrea Hauksdóttir (HSS), Fjölur F. Guðmundsson (HSS), Alma María Ragnarsdóttir (HSS), Arnar Steinn Elísson (Svæði2), Kjartan Már Kjartansson (RNB), Fannar Jónasson (GRI), Magnús Stefánsson (SUD) og Ásgeir Eiríksson (Vogar).

1. Grímur Hergeirsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fór yfir stöðuna í dag að almannavarnarstigið væri hækkað í neyðarstig og tilgangurinn fundarins væri að stilla saman strengi viðbragðsaðila og sveitarfélaganna.
2. Fjölur F. Guðmundsson, sóttvarnarlæknir umdæmisins fór yfir stöðuna í dag. 18 einstaklingar í einangrun og 78 í sóttkví. Staðan almennt góð á svæðinu. Talaði jafnframt um það að búið væri að deildaskipta sjúkrahúsinu upp og þeir sem hafa tök á vinni heima.
3. Grímur kom aftur að því að reynslan frá því í vor gerði okkur tilbúnari nú að takast á við það sem framundan er. Jafnframt ræddi hann um það að það sé ekki ástæða til þess að virkja AST að svo stöddu að öðru leyti en því að funda á TEAMS.
4. Jón Guðlaugsson, slökkvistjóri talaði um hertar aðgerðir hjá Brunavörnum Suðurnesja. Einn starfsmaður frá þeim er veikur sem þýddi að ein vakt fór í sóttkví og hluti af dagvaktarfólkinu en það er allt komið til vinnu aftur. Jón og Sigurður, varaslökkvistjóri skipta með að vera á starfsstöð. BS sér um allan covidflutning í sóttvarnarhús og það hefur verið talsvert mikið um þá vegna fjölda umsókna um alþjóðlega vernd.
5. Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík fór yfir stöðuna þar. Talaði um að neyðarstjórn bæjarins hafði komið saman í morgun og allt sé að smella skv. fyrri áætlunum. Starfsfólki á bæjarskrifstofunni er skipt upp þ.e. fjarvinna og vinna á skrifstofu til skiptis.
6. Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri í Vogum fór yfir stöðuna. Bæjarskrifstofum hefur verið lokað og búið er að funda í neyðarstjórn sveitarfélagsins. Staðan góð.
7. Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í Reykjanesbæ fór yfir stöðuna. Sagði að í langstærstu dráttum þá væri allt komið í svipað form og í vor. Talaði um að bókasafnið og þjónustverið yrði opið en ekki fleiri en 20 manns innandyrna í einu og það yrði talið inn. Sagði að allar uppfærslur og breytingar yrðu birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.
8. Arnar Steinn frá svæðisstjórn, svæði 2 hjá Landsbjörgu talaði um að sveitir á svæðinu væru búnar að hólfaskipta sér. Engir fundir eða æfingar hjá sveitunum. Útköllum sinnt og svæðisstjórn hittis á TEAMS.
9. Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ fór yfir stöðuna. Sagði að verið væri að skipta upp starfseminni í ráðhúsunum og allt gengið vel að öðru leyti.



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Grímur talaði um að hittast aftur að viku liðinni á TEAMS ef engar athugasemdir kæmu um það. Talaði jafnframt um það að ef aðstæður breytast þá myndum við bregðast hratt við. Næsti fundur ákveðinn þann 12.10.2020 kl. 13:00.

Bjarney mun senda út fundarboð og jafnframt senda daglega stöðu á staðfestum smitum og sóttkví í umdæminu til bæjarstjórnanna.

Fundi slitið klukkan 13:35.